

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/307 um rýmkun á sérstökum ábyrgðum varðandi *Salmonella* spp., sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, svo að þær nái til kjöts af holdakjúklingum (*Gallus gallus*) sem á að flytja til Danmerkur.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2018, frá 21. september 2018, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/307 frá 28. febrúar 2018 um rýmkun á sérstökum ábyrgðum varðandi *Salmonella* spp., sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, svo að þær nái til kjöts af holdakjúklingum (*Gallus gallus*) sem á að flytja til Danmerkur. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, frá 27. september 2018, bls. 390.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt heimild í 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. nóvember 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2018